

Mál nr. 1/2015**M****og****vátryggingafélagið V v/ slysatryggingar ökumanns og eiganda.****Ágreiningur um sönnun fyrir líkamstjóni sem leiðir til bótaskyldu.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 6.1.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags 12.1.2015.

Málsatvik.

Að morgni 6.6.2014 ók málskotsaðili (hér eftir nefndu M) bifreið (hér eftir nefnd A) norður Sægarða í Reykjavík og beygði til vinstri vestur Vatnagarða. Bar þá að bifreið úr gagnstæðri átt og rakst hún aftast í hægri hlið A. M kenndi eymsla eftir áreksturinn og leitaði til heimilislæknis þá um morguninn. Í læknisvottorði hans kemur fram að M hafi kvartað undan verkjum í hálsi. Verkir hafi ekki verið í baki, handleggjum eða kvið. Við skoðun hafi hreyfingar verið eðlilegar í hálsi en eymsli í hnakkavöðvum. Hún hafi verið þunguð og gengin 26 vikur. Engar blæðingar hafi verið frá fæðingarvegi og engir samdrættir. Við endurkomu 10.6. kvartaði M undan höfuðverk og verkjum í hálsi, hnakka og herðum. Að öðru leyti hafi ekkert markvert verið við skoðun. Hinn 17.7. fékk M tilvísun í sjúkraþjálfun vegna viðvarandi verkja í háls hrygg, herðum og höfði. Auk beiðni um sjúkraþjálfun liggur fyrir vottorð v/ fjarvista, dags. 17.7.2014, þar sem tilgreind er óvinnufærni með öllu tímabilið 17.7.-27.7.2014 svo og annað fjarvistavottorð, dags. 19.8.2014, um algera óvinnufærni vegna vinnuslyss 18.8.-10.9.2014.

Á hádegi á slysdag leitaði M einnig á slysa- og bráðadeild Landspítalans. Hún kvaðst kvarta yfir vægum verk í hnakka og fann fyrir einhverjum vægum svima. Öll lífsmörk reyndust eðlileg, en einhver væg eymsli í vöðvafestum aftan á hnakka en skoðun á hálsi annars eðlileg. Í lok vottorðsins kemur fram að M hafi verið mjög einkennalítill við skoðun og ekkert virtist hafa komið fyrir fóstrið, einungis mjög væg eymsli aftan á hnakka en ekki teljandi tognunareinkenni í hálsi.

B var vátryggð hjá V á vátryggingafélaginu V. Hinn 30.7.2014 tilkynnti M um slysið til V. Að tilhlutan V var aflað útreiknings fyrirtækisins Aðstoðar og Öryggis (hér eftir nefnt B) á þeim þyngdarkröftum sem verkuðu á þær bifreiðar sem lentu í árekstrinum. Samkvæmt útreikningi B, dags. 2.9.2014, nam þyngdarkrafturinn sem verkaði á hvora bifreið 0,25 g. V hefur hafnað bótaskyldu þar sem ósannað sé samkvæmt fyrirliggjandi gögnum að M hafi orðið fyrir líkamstjóni.

Álit.

Ekki er um það deilt að A var vátryggð lögmæltri slysatryggingu ökumanns og eiganda hjá V er áreksturinn varð 6.6.2014 og að M hafi þá verið ökumaður A. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en áreksturinn hafi verið vægur. Af læknisfræðilegum gögnum málsins má ráða að M hafi fundið fyrir smávægilegum meiðslum í hnakka og í hálsi af völdum árekstursins strax sama dag. Einnig hafði hún nokkur einkenni við læknisskoðun 10.6.2014. Þótt einkenni hafi ekki verið alvarleg og bendi jafnvel fremur til að um tímabundin einkenni hafi verið að ræða fremur en varanleg verður að telja nægilega í ljós leitt að M hafi orðið fyrir einhverju líkamstjóni við áreksturinn þótt engin afstaða verði að öðru leyti tekin um umfang þess. Tjónið telst bótaskyldt úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V.

Niðurstaða.

M telst hafa orðið fyrir líkamstjóni sem er bótaskyld úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A, hjá V.

Reykjavík, 17. febrúar 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.